

4. bekkur

Kennari: Salóme Svandís Þórhildardóttir og Sif Hauksdóttir

Almennt um kennsluna

Kennslustundafjöldi er 1 kennslustund á viku.

Námsaðlögun: Í öllum tilvikum þar sem nemendur eru með sértæka námsörðugleika er sett upp einstaklingsnámskrá. Ef um vægari frávík er að ræða er kappkostað að leggja nemendum til bjargir við námið í öllum námsgreinum ef þurfa þykir, s.s. að nýta upplýsingataekni í meira mæli og val á námsefni / námsgögnum þjóni sem best einstaklingsmiðuðu námi.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið fyrir ensku eru sett fram í 7 flokkum.

Við lok skólaárs geta nemendur:

Hlustun

- Skilið einfalt mál er varða þau sjálf og nánasta umhverfi við skýran framburð.
- Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við.

Lesskilningur

- Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum bóka/blaða/netmiðla.
- Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt í verkefnavinnu

Samskipti

- Haldið uppi einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælanda með áherslum á lykilorðaförða.
- Geti beitt algengustu kurteisisvenjum.

Frásögn

- Geti sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu áhuamálum og nánasta umverfi.

Ritun

- Geti skrifað texta með orðaförða úr þeim efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.

Menningarläsi

- Geti sýnt að hann átti sig á að mörg algeng orð í ensku eru lík og skyld öðrum orðum sem hann þekkir.

Námshæfni

- Geti sett sér einföld markmið og lagt mat á námsframvindu.
- Geti beitt aðferðum til að auðvelda námið t.d. tengja mynd og texta.

Skipulag kennslunnar

Kennsluskipulag: með fyrirvara um breytingar

4. bekkur fær einn tíma í ensku á viku.

Kenndar eru bækurnar Hickory og Yes, we can 4 og valin verkefni úr Let's go ásamt ýmsum verkefnum sem fléttuð eru saman við kennsluna. Farið verður í leiki, bingó og minnispil þar sem talað verður saman á ensku og hlustað á söngva og sungið með. Einnig verða lesnar sögur fyrir nemendur sem þeir vinna svo áfram með.

Námsmat

Námsmatið byggir á leiðsagnarmati og símati á vinnubrögðum, frumkvæði, framförum og ástundun.

Ágúst / September	Hickory – vinnubók. Bingóleikur með nöfnum á dýrum / mat. Hlustun – ensk saga og teiknað atvik úr sögunni.
Október	Hickory – Vinnubók. Hlustun – fara eftir munnlegum fyrirmælum. Leikir – Simon says.
Nóvember	Yes, we can 4. Spil.
Desember	Yes, we can 4. Upprifjun. Jólamynd.